

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Desember 2025

Seinkun klukkunnar

Viðhorf

Nær 43% landsmanna eru hlynnt því að klukkan á Íslandi verði færð aftur um eina klukkustund á móti rúmlega 29% sem eru andvíg því. Slétt 28% segjast hvorki hlynnt né andvíg því.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að klukkan á Íslandi verði færð aftur um eina klukkustund?



Þetta virðist almennt viðhorf landsmanna því ekki er marktækur munur á svörum fólks eftir kyni, aldri, búsetu, menntun, tekjum eða hvað það kysi ef kosið yrði til Alþingis nú.

Fólk með börn á heimilinu er þó almennt líklegra til að vera hlynnt því að klukkan verði færð en fólk sem býr án barna. Þau sem segjast átta sig vel á því hvaða áhrif breytingin hefði eru einnig mun frekar hlynnt henni en þau sem átta sig illa á því. Nær 57% þeirra sem segjast átta sig vel á því hvaða þýðingu breytingin hefði eru hlynnt henni á móti tæplega 5% þeirra sem segjast átta sig illa á því hvaða þýðingu hún hefði.

Greiningar

Fjöldi barna undir 18 ára sem búa á heimilinu *




Hversu vel eða illa áttarðu þig á hvaða áhrif breytingin hefði? *



* Marktækur munur á milli hópa

Fyrir rúmum áratug var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi um að klukkunni á Íslandi yrði seinkað um eina klukkustund. Þá voru rúmlega 58% hlynnt því að tillagan yrði samþykkt og 23% andvíg. Fjórum árum fyrir það var þingsályktunartillaga sama efnis lögð fyrir á Alþingi og þá voru álíka margir hlynntir tillögunni og nú en fleiri andvígir en nú.

Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram á Alþingi um að klukkunni á Íslandi verði seinkað um eina klukkustund. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að tillagan verði samþykkt?



Alfarið hlynnt(ur) | MJög hlynnt(ur) | Frekar hlynnt(ur) | Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur) | Frekar andvíg(ur) | MJög andvíg(ur) | Alfarið andvíg(ur)


Skilningur

Almennt segist fólk átta sig vel á því hvaða áhrif breytingin hefði en næstum 68% segjast átta sig vel á því á móti tæplega 12% sem segjast átta sig illa á því. Nær 21% segjast hvorki átta sig vel né illa á því.

Hversu vel eða illa áttarðu þig á hvaða áhrif breytingin hefði?



Karlar segjast frekar en konur átta sig vel á því hvaða áhrif breytingin hefði og munur er á svörum fólks eftir aldri. Fólk með háskólamenntun segist frekar átta sig vel á þýðingu breytingarinnar en fólk með minni menntun að baki. Fólk með börn á heimilinu segist frekar átta sig vel á breytingunni en fólk sem býr án barna.



Spurt var:

- Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að klukkan á Íslandi verði færð aftur um eina klukkustund?
- Hversu vel eða illa áttarðu þig á hvaða áhrif breytingin hefði?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 20. nóvember til 3. desember 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.916 og þátttökuhlutfall var 42,3%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvítun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.